

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

6. AUKAFUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2022-2026 23.6.2023

Árið 2023, Föstudaginn 30. júní 2023 kl. 9:00, var haldinn 6. aukafundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Kjartan Geir Karlsson og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.
Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Bryggjan í Vigur – umræður um hafnarstjórn og fyrirkomulag.
2. Persónuverndarsamningur – persónuverndarsamningur Súðavíkurhrepps lagður fyrir sveitarstjórn.
3. Fundargerð 35. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 29.6.2023
4. Oddvitakjör sbr. samþykktir um stjórn Súðavíkurhrepps.

Afgreiðsla erinda:

1. Bryggjan í Vigur – umræður um hafnarstjórn og fyrirkomulag.
Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina um hafnsögu Súðavíkurhrepps í Vigur og fyrirkomulag í samráði við landeiganda.
2. Persónuverndarsamningur – persónuverndarsamningur Súðavíkurhrepps lagður fyrir sveitarstjórn.
Sveitarstjórn samþykkir persónuverndarsamning og Persónuverndarstefnu Súðavíkurhrepps. Sveitarstjóra falið í samráði við persónuverndarfulltrúa að birta stefnu á heimasíðu Súðavíkurhrepps.
3. Fundargerð 35. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 29.6.2023
Fundargerð samþykkt.
Sveitarstjórn vísar til 2. liðar fundargerðarinnar, að framkvæmd er samþykkt.
Súðavíkurhreppur er einn þriggja landeigenda og ekki má hindra landnotkun þeirra sem nýta eignir sínar fyrir beit og slátt og leita ber samþykkis þeirra fyrir framkvæmdinni.
Varðandi lið 3 í fundargerðinni leggur sveitarstjórn til frekari útfærslu og kostnaðargreiningu á verkefninu og tekur jákvætt í erindið.

4. Oddvitakjör sbr. samþykktir um stjórn Súðavíkurhrepps.

Sveitarstjórn leggur til að Kristján Rúnar Kristjánsson verði oddviti og Jónas Ólafur Skúlason verði varaoddviti. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:28

Bragi Þór Thorodsen

Eiríkur Valgeir Scott

Kjartan Geir Karlsson

Jónas Ó. Skúlason
Jónas Ólafur Skúlason
varaoddviti